

Starfsskýrsla Íþróttafélagsins Ívars árið 2022

Starfsemi Ívars hefur verið með hefðbundnum hætti á þessu starfsári. Bocciaæfingar hafa verið 2x í viku, sundæfingar 1-2 x í viku og badminton 2 x í viku.

Aðalfundur félagsins var haldinn 24. febrúar í Hvestu. Úr stjórn gekk Harpa Björnsdóttir og í hennar stað komu Hálfván Bjarki og Eygló. Harpa bauðst þó til þess að vera okkur innan handar sem við kunnum að meta. Hörpu var þakkað vel unnin störf síðastliðin 28 ár.

Íslandsmót ÍF sveitakeppni í boccia var haldið á Akureyri helgina 28. apríl til 1. maí. Sendi Ívar keppendur og gekk ágætlega.

Þann 21. maí skelltu sundiðkendur sér í skemmti-sundferð. Keyrt var yfir á Suðureyri og æfing tekin í sundlauginni þar, þaðan var stefnan tekin á Dynjanda í hópmyndatöku. Á heimleið var komið við í sundlauginn á Flateyri og æfing tekin þar.

Um miðjan september hófust æfingar aftur í badminton, boccia og sundi. Breytingar voru gerðar á æfingarstað sundsins en stjórn félagsins tók þá ákvörðun um að færa æfingar út í Bolungarvík og samnýta þjálfara með Sunddeild UMFB, þar sem þjálfari sundsins, Svala Sif ákvað að láta staðar numið eftir margra ára þjálfun hjá Ívari. Þökkum við henni fyrir frábært samstarf.

Íslandsmót ÍF einstaklingskeppni í boccia var haldið í Reykjanesbæ helgina 14. - 17. október. Sendi Ívar keppendur og gekk ágætlega.

Íþróttamaður ársins í Bolungarvík var haldinn í janúar og voru þau Emilía og Þorsteinn sæmd viðurkenningu fyrir sinn árangur hjá Íþróttafélaginu Ívari. Þorsteinn Goði var einnig tilnefndur Íþróttamaður ársins.

Spes Ól 2023 verður í Berlín og mun Þorsteinn Goði fara og keppa í badmintoni.

Við höfum verið heppin með þjálfara þetta starfsárið og teymið okkar hefur verið þannig skipað:

Sund -> Svala Sif (vor) – Hrunn Karlsdóttir (haust)

Boccia -> Gabríl, Sævar, Marín (haust), Íris (haust) & Eydís (haust)

Badminton -> Jónas (vor), Guðmundur Páll (haust)

Einu fjáraflanir þetta árið hefur verið dósatalningar en við vorum svo heppin að fá að halda húsnæðinu sem talið er í eitthvað áfram.